

Landbúnaðarráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Landbúnaðarnefnd**
Sendandi: **Atli Már Ingólfsson**
Dagsetning: **27. apríl 2004**
Málsnúmer: **LAN04030203**
Bréfalykill: **011**

Efni: Svar til landbúnaðarnefndar vegna fyrirspurnar frá Jóni Bjarnasyni,
nefndarmanni í landbúnaðarnefnd.

Á fundi undirritaðs með landbúnaðarnefnd þann 27. apríl 2004, voru bornar upp spurningar til landbúnaðarráðuneytisins vegna frumvarpa um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu og lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Verður hér leitast við að svara þeim.

1. Af hverju var ekki farin sú leið að taka öll ákvæði um rannsóknir í landbúnaði út úr lögum nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og hafa þau öll í lögum nr. 57/1999 um búnaðarfræðslu?

Því er til að svara að einmitt þessi leið kom til greina er unnið var að gerð frumvarpanna. Eftir skoðun var hins vegar tekin sú ákvörðun að rétt væri að hafa einhver ákvæði er vörðuðu rannsóknir í landbúnaði áfram inn í lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, meðan þau lög eru enn í gildi. Þar með er landbúnaðarins og Rannsóknarsviðs Landbúnaðarháskóla Íslands getið í þeim lögum. Rétt þótti að taka ekki öll ákvæði um rannsóknir í landbúnaði úr lögum nr. 64/1965 og bíða heldur eftir heildarendurskoðun þeirra laga. Ekki er heldur hægt að útiloka að í öðrum lögum eða reglugerðum, sem ekki eru á forræði landbúnaðarráðuneytisins, sé kveðið á um að styrkveitingar eða annað fjármagn geti runnið til rannsóknarstofnana skv. lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Eða að slík ákvæði verði sett í lög eða reglugerðir. Ef búið er að taka rannsóknir í landbúnaði alfarið út úr þeim lögum gæti farið svo að Rannsóknarstofnun Landbúnaðarháskóla Íslands yrði af fé sem hún annars ætti rétt á eða gæti sótt um. Almennt má þó segja að mat á því með hvaða hætti þetta er gert er að mestu lagatæknilegt atriði og eru báðar leiðirnar framkvæmanlegar, en sú sem farin var varð fyrir valinu af framangreindum ástæðum.

2. Af hverju er gert ráð fyrir því að ráðherra geti sett tvær reglugerðir skv. lögnum og aðra sérstaklega um Rannsóknarsvið Landbúnaðarháskóla Íslands?

Í núverandi lögum nr. 57/1999, um búnaðarfræðslu segir í 37. gr. að landbúnaðarráðherra setji nánari reglur um framkvæmd laganna með reglugerðum, starfsreglum og samþykktum. Þær breytingar sem verið er að leggja til með núverandi frumvarpi eru, annarsvegar þær að í stað þess að gert er ráð fyrir því að ráðherra setji almennar reglur um þá þætti sem þar eru taldir upp, m.a. verkaskiptingu á milli skólanna, þá er gert ráð fyrir því að ráðherra bindi slík fyrirmæli í reglugerð. Hér er í sjálfu sér ekki um neina efnisbreytingu að ræða, þó þá að reglugerð hefur stjórnsýslulega skýrara inntak, hana ber að birta í B-deild Stjórnartíðnda og henni verður ekki beitt fyrr en að lokinni lögformlegri birtingu. Þeir efnisþættir sem talað er um í 5. gr. eru einnig þess efnis að eðlilegra er að þeim sé skipað með reglugerð en almennum fyrirmælum. Í öðru lagi eru þær breytingar lagðar til að gert er ráð fyrir því í 15. gr.

frumvarpsins að landbúnaðarráðherra setji með reglugerð, nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Rannsóknarsviðs Landbúnaðarháskóla Íslands. Eðlilegt verður að telja að svo mikilvægt og stórt svið sem hið nýja Rannsóknarsvið Landbúnaðarháskóla Íslands kemur til með að vera, en vakin er athygli á því að starfsmenn RALA eru umtalsvert fleiri en starfsmenn LbH, hafi ákveðið innra skipulag sem sé bundið í lög eða reglugerð. Þar sem lögð verður áhersla á að hin nýja stofnun og yfirmenn hennar ráði sjálfir hvernig sviðið skuli uppbyggt er þessum málum ekki skipað í lög heldur með þeim hætti sem að framan hefur verið lýst. Því er lagt til í frumvarpinu að ráðherra setji reglugerð um sviðið. E.t.v. má spyrja þeirrar spurningar hvort þetta ákvæði sé í raun óþarft þar sem lögin heimil nú þegar ráðherra að setja reglugerðir, fleiri en eina, um framkvæmd laganna, sbr. 37. gr. laga nr. 57/1999 og reglugerðarsetningarvald ráðherra er óumdeilt, en þó þótti betra að setja ákvæði um skyldu til þessarar reglugerðarsetningar í lögin til að tryggja með sem bestum hætti að slík reglugerð verði sett og efni hennar í mjög stórum dráttum.

3. Af hverju eru Landbúnaðarháskóli Íslands, Hólaskóli að Hólum í Hjaltadal og Garðyrkjuskóli ríkisins að Reykjum, Ölfusi gerðar "heimilislausar" með frumvarpinu, þ.e.a.s. af hverju er ekki gert ráð fyrir því að þær hafi ákveðna staðsetningu, en hún þess í stað tekin úr lögum?

Í núverandi lögum um búnaðarfræðslu nr. 57/1999, segir í 29. gr: "*Hólaskóli, Hólum í Hjaltadal, og Garðyrkjuskólinn að Reykjum í Ölfusi eru vísinda- og menntastofnanir landbúnaðarins sem veita nemendum sínum menntun og hjálfun á sértækum sviðum íslensks landbúnaðar*". Öðrum beinum ákvæðum um staðsetningu þessara tveggja stofnana er ekki til að taka, né ákvæðum er fjalla um þýðingu þess að staðsetning er tilgreind í lögnum. Í greinargerð frumvarps er varð að lögum um búnaðarfræðslu nr. 57/1999, segir: "*Greinin felur í sér stefnuyfirlýsingu en ekki er um að ræða breytingar á hlutverki stofnananna*".

Lagatextinn sjálfur og tilvitnuð ummæli í greinargerðinni benda því eindregið til þess að núverandi lög feli því ekki í sér skuldbindingu um hvar stofnanirnar skuli vera, einungis er verið að tala um staðreyndir, þ.e. verið er að taka fram hvar stofnanirnar voru á þeim tíma er lögin voru sett. Orðalag greinargerðarinnar um að greinin feli í sér stefnuyfirlýsingu hefur því ekki neina lagalega bindandi merkingu. Þetta er í samræmi við önnur ákvæði laga þar sem öfug niðurstaða fengist, sbr. ákvæði 2. gr. landgræðslulaga nr. 17/1965, en þar segir: "*Landgræðsla ríkisins fer með landgræðslumál samkvæmt lögum þessum og skal hafa aðsetur í Gunnarsholti á Rangárvöllum...*". Miðað við núverandi stöðu mála þar sem Hólaskóli er með aðsetur að Hólum og á Sauðárkróki og e.t.v. víðar og miðað við það að

Landbúnaðarháskóli Íslands mun hafa aðsetur á nokkrum stöðum og m.a. hafa fjölmennari starfsstöð í Reykjavík en á Hvanneyri, væri orðalag um staðsetningu beinlínis villandi og rangt, auk þess að vera að mati undirritaðs marklaust, eins og það í raun er nú. Er ný stofnun Landbúnaðarháskóli Íslands tekur til starfa fær hún að sjálfsögðu nýja kennitölu og lögheimili, "heimili". Ef túlka ætti núverandi orðalag laga nr. 57/1999, á þá leið að stofnanirnar ættu eingöngu að vera á þeim stöðum þar sem lögin greina frá, þá verður heldur ekki hjá því komist að telja viðkomandi stofnanir hafa brotið þau hin sömu lög, þar sem þær hafa án sérstakrar lagaheimildar eða annarrar heimildar fært starfsemi sína víðar. Niðurstaðan er því þessi. Núverandi ákvæði hefur litla þýðingu um staðsetningu skólanna, sbr. tilvitnað orðalag í greinargerð, 123. löggjafarþing, þingsk. 871, 546. mál, þeir starfa og hafa kosið að starfa þar sem verkefni þeirra eru, víðsvegar um landið.



LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrata 7, 150 Reykjavík
Sími: 545 9750, bréfasími: 552 1160

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Elín Valdís Þorsteinsdóttir, nefndarritari
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. apríl 2004
Tilvísun: LAN04030203/011
AMI/--

I.

Eftir framlagningu frumvarps til laga um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum, sem lagt var fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum, hefur komið í ljós að undirrituðum láðist að taka inn í fyrrgreinda frumvarpið, n.t.t. 5. gr. þess "Breytingar á öðrum lögum", ákvæði sem breyta lögum nr. 29/1981 um tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að Stóra-Ármóti til samræmis við ákvæði frumvarpanna um stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands og það að Rannsóknastofnun landbúnaðarins verður sem slík lögð niður. Þykir fara betur á því að nafnbreyting eigi sér stað í lögnum nr. 29/1981, þó að breyttu breytanda geti löggin í sjálfu sér staðið sem slík.

Gerð er tillaga um eftirfarandi viðbót við 5. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum:

3. Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 29/1981, um tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að Stóra-Ármóti:

- a. Í stað orðanna "Rannsóknastofnunar landbúnaðarins" í heiti laganna kemur:
Landbúnaðarháskóla Íslands.
- b. Við 3. gr. bætist: og lögum nr. 57/1999 um búnaðarfræðslu, ásamt síðari breytingum.
- c. Í stað orðanna "Rannsóknastofnun landbúnaðarins" í 5. gr. kemur:
Landbúnaðarháskóla Íslands.
- d. Í stað orðanna "forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins" í 6. gr. kemur:
einn maður tilnefndur af Rannsóknarsviði Landbúnaðarháskóla Íslands.

II.

Einnig telur ráðuneytið að rétt sé að breytingar verði gerðar á 1. mgr. c-lið 2. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum. Í 1. mgr. segir "Landbúnaðarháskóli Íslands hefur umráð yfir þeim tilraunastöðvum á sviði landbúnaðar sem ríkið á". Ekki var ætlunin með frumvarpinu að Landbúnaðarháskóli Íslands tæki yfir umráð annarra tilraunastöðva en þeirra sem til þessa hafa heyrt undir Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Rannsóknarstofnun landbúnaðarins. Orðalagið er hins vegar ekki nægilega ljóst hvað þetta varðar. Því er lögð til eftirfarandi orðalagsbreyting og orðist 1. mgr. c-liðar 2. gr.

frumvarpsins svo: Landbúnaðarháskóli Íslands hefur umráð yfir þeim tilraunastöðvum á sviði landbúnaðar sem áður tilheyrðu Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og Rannsóknarstofnun landbúnaðarins.

F.h.r.

Atli Már Ingólfsson